



Fornleifaskráning á Röndinni suður af Kópaskeri vegna fyrirhugaðra framkvæmda



Bjarni F. Einarsson
2017

Forsíðumyndin sýnir sjómerki við bakka Snartastaðalækjar. (Fornleifar nr. 2:1. Horft mót A. Ljósm. BFE 2017).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Landeldistöðina Sleipnir ehf.
Október 2017

Inngangur

Að beiðni Landeldistöðvarinnar Sleipnis ehf kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhuguðu bygginarsvæði á Röndinni, suður af Kópaskeri í Norður-Þingeyjarsýslu (sjá mynd 1). Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrá, Sýslu- og sóknarlýsingar og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 17. október síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrá og loftmyndar með staðsetningu minja/fornleifa.

Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá heimafólki og eru þeim færðar þakkir fyrir.

Fulltrúi verkkaupa var Kjartan Davíð Sigurðsson hjá Landeldistöðinni Sleipnir ehf.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni könnunarsvæðisins.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætt a	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
1:1	Sjómerki	1	Framkvæmdir	Lítill	Ágætt	1900-	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Rannsókn
2:1	Sjómerki	1	Framkvæmdir	Lítill	Ágætt	1900-	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Rannsókn
3:1	Útræði - uppsátur	1	Framkvæmdir	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Eftirlit
	Fjöldi fornleifa/minja	3				Meðaltöl:	4	4		


Tafla yfir skráðar fornleifar á Röndinni. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu.

Samtals voru þrjár minjar/fornleifar undir þremur númerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Enginn staðanna töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi og einn þeirra er ekki staðfestur þar sem engar fornleifar sjást og heimildir ekki óyggjandi. Um var að ræða hugsanlegt útræði - uppsátur og er það látið njóta vafans þar til annað kemur í ljós.

Tvær minjar/fornleifar töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi (sjómerkinn) og einar lítið minja- og varðveislugildi en það voru hinar óstaðfestu minjar hugsanlegs útræðis - uppsáturs. Komi í ljós að um útræði - uppsátur hafi verið að ræða færast minjarnar upp í talsvert minja- og varðveislugildi.

Sjómerkinn tvö eru hluti af sömu heild og gildi þeirra sem slík meiri en gildi sjómerkjanna hvor fyrir sig. Mælt er með því að rjúfa ekki þessa sjónlínu.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Allt er þetta háð ákvörðun Minjastofnunar Ísland sem setur þau skilyrði sem kunna að þykja nauðsynlegir. Að mati undirritaðs munu sjómerkinn ekki trufla hina fyrirhuguðu framkvæmd og auðvelt á að vera að tryggja öryggi þeirra.



Mynd 1. Loftmynd með hinum fyrirhuguðu mannvirkjum og minjum/fornleifum á könnunarsvæðinu. Fornleifar nr. 3 eru merktar með X, en þar sást engar minjar og því ekki hægt að afmarka svæðið og því er X-ið látið nægja. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Verkís-Fornleifafræðistofan).

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Tvær voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokki, en það voru tvö sjómerki. Engar fornleifar teljast vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Hægt er að mati undirritaðs að hlífa öllum fornleifum sem skráðar voru. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Hin fyrirhuguðu mannvirki mun skera af sjónlínuna á milli sjómerkjanna og þannig rjúfa samhengi þeirra. Mælt er með því að mannvirkin verði færð til norðurs svo sjónlína sjómerkjanna haldin óskert.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823. Seinni hluti. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu ísl. fræðafélagi í Kaupmannahöfn með styrk úr ríkissjóði. Ellefta bindi. Kaupmannahöfn 1943.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Þingeyjarsýslur. Gott mál. Reykjavík 1994.

Örnefnaskrá. Snartarstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Presthólahreppur Nr. 1:1 - 3:1.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

1

Sýsla

Norður Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Presthólahreppur

Tákntala

6704

Hverfi

Landareign

Mí:Nr

Heiti

Snartarstaðir

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.10.2017

GPS Staðsetning

E 615058 N 646709

Viðmiðun M.y.s. Skekkja

Ísn 93

2

Tegund minja

Sjómerki

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Pre 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Ágætt

1900-

Byggingaframkv.

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

5

Talsvert

5

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Rétt norðan við árósa Snartastaðalækjar, á grýttum sjávarbakka (Röndin).

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Snartarstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Lýsing

Sjómerki.

1,3 x 1,3 m (NNA - SSV) og 2,1 m hátt.

Sjómerkið er með grjótkjarna sem klæddur hefur verið með steypu og málað gult.

Hornin eru öll fösuð.

Á vörðunni NNV verðri (mót sjónum) er hólfi ofarlega á sjómerkinu og innst inni í því er timburþil sem bendir til þess að hólfið hafi verið dýpra. Hólfi þetta er trúlega ljósasilla.

Efsti hluti sjómerkisins er með toppi sem er úr láborðu grjóti sem fest er í steypu. Myndar það einskonar húfu á sjómerkinu.

Sjómerkið gæti verið eldra að stofni til eða allt frá því að verslun hófst við Kópasker, en þorpið varð löggiltur verlunarstaður árið 1879 (Örnefnaskrá).

Annað sjómerki er um 100 m innar á ströndinni og er hluti af miðinu.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E410

Athugasemdir

Sjómerkið er líklega frá því nálægt aldamótunum 1900. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi þess þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

2

Undirnr.

1

Sýsla

Norður Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Presthólahreppur

Tákntala

6704

Hverfi

Landareign

MÍ:Nr

Heiti

Snartarstaðir

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.10.2017

GPS Staðsetning

E 615178 N 646762

Viðmiðun

Ísn

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Sjómerki

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Pre 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Ágætt

1900-

Byggingaframkv.

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fríðlýsa?

Fríðlýst?

Hvenær

Talsvert

5

Talsvert

5

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Um 15 m vestan við Snartastalækjar á sendnum bakka (Röndin) sem er gróin grasi og melgresi.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Snartarstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Lýsing

Sjómerki.

Um 2 m í þvermál og 2,6 m hátt.

Sjómerkið er úr láborðu grjóti sem fest hefur verið í steypu og málað gult.

Mót vestri (sjónum) er hólf sem trúlega er ljósasilla.

Sjómerkið gæti verið eldra að stofni til, eða allt frá því að verslun hófst við Kópasker, en þorpið varð löggiltur verlunarstaður árið 1879 (Örnefnaskrá).

Annað sjómerki er um 100 m útar á ströndinni og er hluti af miðinu.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E410

Athugasemdir

Sjómerkið er líklega frá því nálægt aldamótunum 1900. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi þess þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

3

Sýsla

Norður Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Presthólahreppur

Tákntala

6704

Hverfi

Landareign

MÍ:Nr

Heiti

Snartarstaðir

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.10.2017

GPS Staðsetning

E 615057 N 646696

Viðmiðun

Ísn

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Útræði - uppsátur

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Pre 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Mikil

Lélegt

1550-1900

Byggingaframkv.

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

2

Lítið

2

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Norðan við árósa Snartastaðalækjar, syðsts á Röndinni.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu ísl. fræðafélagi í Kaupmannahöfn með styrk úr ríkissjóði. Ellefta bindi. Kaupmannahöfn 1943. Sýslu- og sóknarlýsingar. Þingeyjarsýslur. Reykjavík 1994.

Lýsing

Útræði - uppsátur.

Engar minjar sjást um að þarna hafi verið útræði eða uppsátur, en að sögn heimamanns var þarna útræði frá Snartastöðum.

Í Jarðabók Árna og Páls segir; „Heimræði er hjer, lending góð og gott uppsátur, og mega ganga so mörg skip sem ábúandi fær við komið. Eitt skip ábúenda gengur hjer nú.“ (1943:334). Þetta er árið 1712.

Ekki er hægt að útiloka að hróf eða naust kunni að leynast í sandinum þó þeirra sjáist engin merki nú. Einnig kunna þau að vera horfin í veður, vind og hafið.

Í Sýslu- og sóknarlýsingu frá 1841 segir að aðallendingin hafi verið Grímshöfn (þar sem núverandi höfn Kópaskers er), sem bendir til þess að aðrar landingar hafi einnig verið á svæðinu. (1994:237).

Í lok síðustu aldar var þarna reist seiðaeldisstöð og sjást ummerki um hana enn á staðnum (dælustútar, steyptir klumpar og hús sbr. neðri mynd).

Athugasemdir

Ef minja verður vart á staðnum við jarðrask ber að stöðva verkið tafarlaust og láta Minjastofnun Íslands sem ákvarða framhaldið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E410